# Framkvæmda-fréttir 15. tbl. /03

VEGAGERÐIN




*Djúpvegur í Hestfirði. Þessi kafli verður boðinn út á næstu vikum og á verki að vera lokið í september 2004.*

## Framkvæmdakort 2003

Í þessu blaði birtist fyrsta kortið yfir framkvæmdir í umdæmum Vegagerðarinnar árið 2003 og eru það Vestfirðingar sem voru fyrstir til að skila sínum gögnum. Kort fyrir Austfirði er nú í vinnslu og síðan koma hin umdæmin. Þessi kort hafa verið gerð síðan 1988. Þau birtust fyrst í tímaritinu Vegamál sem Vegagerðin gaf út en síðan í Framkvæmdafréttum.

Þessi kort eru mjög vinsæl hjá Vegagerðarmönnum og öðrum þeim sem láta vegagerð sig einhverju varða. Fjölmiðlar eru gjarnan spenntir fyrir þessum upplýsingum á vorin og þá er handhægt að vísa í þessi kort. Um leið verða svo til gögn sem rekja sögu vegagerðar og auðvelt er að nálgast.

Það er Ólafur Valsson kortagerðarmaður sem aðstoðar okkur við þessa kortagerð.

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla Norðurlandi eystra 2003 - 2004 03-063

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í 7 námum á Norðurlandi eystra á árunum 2003 til 2004.

Helstu magntölur: efnisvinnsla á 40.000 m$^3$.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. maí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 26. maí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 15. tbl. 11. árg. nr. 337 12. maí 2003**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Niðurstöður útboða

## Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarðar 03-053

Tilboð opnuð 5. maí 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Hringvegar (1) í tengslum við brúarbyggingu við Klifanda, sem og gerð varnargarða. Nýbygging vegar er um 0,8 km og varnargarðar alls um 1,1 km.

Helstu magntölur: fyllingar í varnargarða 15.600 $m^3$, skeringar 2.520 $m^3$, neðra burðarlag óunnið efni 12.840 $m^3$, efra burðarlag unnið efni 1.065 $m^3$, girðingar 700 m, rif brúar 104 m, tvöföld klæðing 6.130 $m^2$, ofanafýting í námu 1.600 $m^3$, grjótvörn 5.550 $m^3$.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Klæðning ehf., Kópavogi | 27.771.000 | 117,3 | 12.190 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 23.666.020 | 100,0 | 8.085 |
| 5 | E.K. Vélar ehf., Kópavogi | 22.862.200 | 96,6 | 7.282 |
| 4 | Guðjón Jónsson, Hvolsvelli | 20.813.050 | 87,9 | 5.232 |
| 3 | Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi | 20.320.250 | 85,9 | 4.740 |
| 2 | Rsb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi | 18.791.500 | 79,4 | 3.211 |
| 1 | Framrás ehf., Vík í Mýrdal | 15.580.650 | 65,8 | 0 |

## Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóður 03-065

Tilboð opnuð 5. maí 2003. Vesturlandsumdæmi. „Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóður“. Lengd kafla 5,8 km.

Helstu magntölur: skeringar 3.400 $m^3$, fyllingar 13.500 $m^3$, neðra burðarlag 13.000 $m^3$, efra burðarlag 6.300 $m^3$, klæðing 36.000 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 35.484.000 | 100,0 | 1.462 |
| 7 | Þróttur ehf., Akranesi | 37.698.250 | 106,2 | 3.676 |
| 6 | Klæðning ehf., Kópavogi | 36.794.500 | 103,7 | 2.772 |
| 5 | Jörfi hf., Hvanneyri | 36.500.000 | 102,9 | 2.478 |
| 4 | Berglín ehf., Stykkishólmi | 35.937.000 | 101,3 | 1.915 |
| 3 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 34.775.000 | 98,0 | 753 |
| 2 | E.K. Vélar ehf., Kópavogi | 34.102.550 | 96,1 | 80 |
| 1 | Stafnafell ehf., Snæfellsbæ | 34.022.375 | 95,9 | 0 |

## Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu 2003 - 2008 03-039

Tilboð opnuð 5. maí 2003. Suðurlandsumdæmi. Þjónusta á vegum í Rangárvallasýslu á svæðinu milli Þjórsár og Markarfljóts. Um er að ræða sumar- og vetrarþjónustu frá 15. maí 2003 til 15. maí 2008.

Helstu verkefni og magntölur hvers árs eru (viðmiðunartölur):

Verkefni í sumarþjónustu: hreinsun vegsvæða 400 km, kantsláttur 200 km, ný umferðarmerki 55 stk., viðhald og þjónusta umferðarmerkja 300 stk., viðhald vegriða 30 m, nýjar kantstikur 1.500 stk., viðhald og þjónusta á kantstikum 10.000 stk., vegheflun 1.500 km, rykbinding 50 km, viðgerðir malarvega 500 $m^3$, ámokstur, akstur og tippun 10.000 $m^3$/km, viðgerðir bundinna slitlaga 500 $m^2$, axlir (lengd öðru megin) 130 km, afvötnun, rásir, skurðir 10 km, afvötnun, ný/endurnýjuð ræsi 200 m, viðgerðir á vatnaskemmdum 1.000 $m^3$, endurnýjun ristarhliða 20 stk., viðgerð og þjónusta ristarhliða 35 stk, sópun vegstúta 180 stk.

Verkefni í vetrarþjónustu: snjómokstur og hálkuvörn á vörubíl 17.000 km, hálkuvarnarsandur, blandaður með salti/pækli 800 $m^3$.

Lengd stofn- og tengivega er um 450 km, lengd safnvega er um 165 km, lengd landsvega er um 260 km, lengd vega með bundnum slitlögum er um 210 km.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Grétar H. Guðmundsson, Seli, Ásahreppi | 62.929.271 | 149,0 | 22.138 |
| 5 | Eining sf., Gaularási, Austur-Landeyjum | 58.360.646 | 138,2 | 17.570 |
| 4 | Sandvirki ehf., Þorlákshöfn | 52.764.518 | 125,0 | 11.973 |
| 3 | Rsb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi | 49.990.771 | 118,4 | 9.200 |
| 2 | Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli | 49.547.308 | 117,3 | 8.756 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 42.225.581 | 100,0 | 1.434 |
| 1 | Heflun ehf., Reykjavík | 40.791.099 | 96,6 | 0 |

## Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 03-066

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004“.
Helstu magntölur: efnisvinnsla á 67.700 $m^3$ í 11 námum.
Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Björn og Gylfi, vinnuvélar sf., Reykjavík | 68.367.500 | 144,3 | 20.974 |
| 1 | Myllan ehf., Egilsstöðum | 47.394.000 | 100,0 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 47.385.000 | 100,0 | -9 |

## Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004 03-008

Tilboð opnuð 5. maí 2003. Vesturlandsumdæmi. „Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004.“
Helstu magntölur: yfirlögn 340.000 $m^2$, flutningur steinefnis 10.000 $m^3$, flutningur bindiefnis 1.600 tonn.
Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 56.074.214 | 100,0 | 18.624 |
| 4 | Rsb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi | 49.520.000 | 88,3 | 12.070 |
| 3 | Slitlag ehf., Hellu | 45.310.000 | 80,8 | 7.860 |
| 2 | Klæðning ehf., Kópavogi | 39.800.000 | 71,0 | 2.350 |
| 1 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 37.450.000 | 66,8 | 0 |

## Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, klæðing 03-012

Tilboð opnuð 5. maí 2003. Reykjanesumdæmi. „Yfirlagnir á Reykjanesi 2003, klæðing“.
Helstu magntölur eru:
einföld klæðing með flokkaðri möl: 90.000 $m^2$.
Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 20.400.000 | 100,0 | 6.787 |
| 4 | Borgarverk ehf., Borgarnesi | 16.670.600 | 81,7 | 3.057 |
| 3 | Slitlag ehf., Hellu | 14.886.160 | 73,0 | 1.273 |
| 2 | Rsb. Flóa og Skeiða ehf., Selfossi | 14.800.000 | 72,5 | 1.187 |
| 1 | Klæðning ehf., Kópavogi | 13.613.500 | 66,7 | 0 |



*Vegslóði í norðanverðum Arnarfirði. Leið í Lokinhamra.*

# Framkvæmdir 2003

Vegagerðin birtir kort yfir framkvæmdir ársins í hverju umdæmi fyrir sig í Framkvæmdafréttum. Hér er birt kort yfir Vestfirði. Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Getið er um allar nýbyggingar og stærri viðhaldsverk. Fjárupphæð til ráðstöfunar á árinu er birt í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

# Vestfirðir





61 Djúpvegur
Gilseyri - Kleifar, 10 km
Lokið við endurbyggingu
og bundið slitlag
Fjárveiting 2003 er 70 m.kr.
Verklok áætluð í september 2003
Verktaki er Kubbur ehf., Ísafirði
61 Djúpvegur
Steingrímsfjarðarheiði 7,4 km
Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvammur
Styrkja og leggja tvíbreitt slitlag
Fjárveiting af nýbyggingarfé 19 m.kr.
og af viðhaldi 29 m.kr.
Verktaki er Kubbur ehf.
Verklok eru áætluð í júlí.
608 Þorskafjarðarvegur, 7 km
Lagfæring og mölburður
Fjárveiting af nýbyggingarfé 10 m.kr.
og af viðhaldsfé 5 m.kr.
Umsjón: Vegagerðin í júlí
643 Strandavegur
Ásmundarnes - Illaholt, 5,2 km
Endurbygging með malarslitlagi
Fjárveiting af
nýbyggingarfé 2004 er 53 m.kr.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík
Verklok áætluð í október
61 Djúpvegur
Eyrarfjall, 4 km
Mölburður
Fjárveiting af viðhaldi 6 m.kr.
Umsjón: Vegagerðin í júní
60 Vestfjarðavegur
Eyri - Múli, 3 km, vegagerð útboð í júní
Brú á Múlaá, útboð í júní
Fjárveiting af nýbyggingarfé 145 m.kr.
Verklok eru áætluð 2004
67 Hólmavíkurvegur
Endurbyggja 0,5 km
Setja upp lýsingu 1,5 km
Útboð í mars
Verklok áætluð í september
61 Djúpvegur
Forvaði - Grindarkrókur, 5 km
Fjárveiting af
nýbyggingarfé 108 m.kr.
Endurbæta og leggja
bundið slitlag
Nýr kafli með mikilli grjótvörn
um Hvalsárhöfða
Útboð sumarið 2003
Verklok áætluð 2004
60 Vestfjarðavegur
Klettur - Klukkufell, 8 km
Fjárveiting af
nýbyggingarfé 12 m.kr.
og 8 m.kr. af viðhaldi
Breikka einbreitt slitlag
Vinnuflokkur Vegagerðarinnar
í júlí
60 Vestfjarðavegur
Múli - Vattarnes, 19,2 km
Nýbygging með bundnu slitlagi
Fjárveiting af nýbyggingarfé
2003 er 350 m.kr.
Ákveðið er að flýta verkinu frá fyrri áætlun
og nú er áætlað að leggja 15 km slitlag 2003
og verklok verði snemma sumars 2004
Verktaki er Fylling ehf., Hólmavík
Norðurfjörður
Gjögur
Hólmavík
Drangsnes
Króksfjarðarnes
Reykhólar
Gilsfjörður
Hrútafjörður
Hvammstangi
Laugarbakki
Borðeyri
STYKKISHÓLMUR
Hvammsfjörður

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún | 03 |
| 03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili | 03 |
| 03-054 Sl. Uxahryggjarvegur (52) um Sandkluftarvatn | 03 |
| 03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Grindarkrókur | 03 |
| 03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kambsnes - Hattardalur | 03 |
| 03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli | 03 |
| 03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003 | 03 |
| 03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð | 03 |
| 03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls | 03 |
| 03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813) | 03 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 03 |
| 03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi | 03 |
| 02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá 2003 | 03 |
| 03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun | 03 |
| 03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Vífilsstaðavegur | 03 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 03 |
| 03-071 Vl. Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði | 05.03 |
| 03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú | 05.03 |
| 03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir | 05.03 |
| 02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 | 05.03 |
| 03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur | 05.03 |
| 03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði | 05.03 |
| 03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur | 05.03 |
| 03-072 N.v. Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756), mölburður | 05.03 |
| 03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging. II. áfangi | 05.03 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá | 12.05.03 | 02.06.03 |
| 03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008 | 12.05.03 | 02.06.03 |
| 03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir | 12.05.03 | 02.06.03 |
| 02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003 | 12.05.03 | 26.05.03 |
| 02-067 Sl. Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003 | 05.05.03 | 19.05.03 |
| 03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 | 28.04.03 | 19.05.03 |
| 03-007 Sl. Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004 | 28.04.03 | 12.05.03 |

| Útboð sem hafa v. auglýst, framh. | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003 | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-057 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit | 14.04.03 | 12.05.03 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-008 Vl. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004 | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-065 Vl. Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamóða | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-053 Sl. Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarður | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-039 Sl. Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá-Markarfljót) 2003-2008 | 07.04.03 | 05.05.03 |
| 03-041 Au. Norðausturvegur (85), Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir | 07.04.03 | 28.04.03 |
| 03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandasýslu. | 07.04.03 | 28.04.03 |
| 01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnar-firði, Lækjargata - Ásbraut | 24.03.03 | 28.04.03 |
| 01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun | 24.03.03 | 22.04.03 |
| 03-051 Sl. Sólheimavegur (354) 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-050 Sl. Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Foss - Einholtsvegur | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-058 Sl. Vaðnesvegur (3745), frá Biskupstungnabraut að ristarhliði Vaðness | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-060 Vf. Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-059 Vf. Súgandafjarðarvegur (65), um Staðará | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt | 24.03.03 | 14.04.03 |
| 03-038 N.v. Yfirborðsmerkingar, sprautumössun 2003-2004 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003 | 31.03.03 | 14.04.03 |
| 03-043 N.ey. Kísilvegur (87) um Geitafell | 17.03.03 | 31.03.03 |
| 03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn | 17.03.03 | 31.03.03 |
| 03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Hundaþúfa | 10.03.03 | 24.03.03 |

| Útboð á samningaborði, framh. | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845),<br>Helgastaðir - Lindahlíð | 10.03.03 | 24.03.03 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 03-015 Rn. Hringvegur (1),<br>Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun<br>*VSÓ - ráðgjöf ehf.* | 31.03.03 | 15.04.03 |
| 03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82),<br>brú á Ólafsfjarðarós<br>*Mikael ehf., Hornafirði* | 31.03.03 | 06.05.03 |
| 03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67)<br>Djúpvegur - Höfðatún<br>*Tígur ehf., Súðavík* | 31.03.03 | 05.05.03 |
| 02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681)<br>- Löngumýrarvegur (7691) 2003<br>*Steypustöð Skagafjarðar ehf.* | 14.04.03 | 06.05.03 |

## Úr myndasafni Jóns Víðis

Það er margt skemmtilegt efni að finna í myndasafni Jóns Víðis mælingamanns. Þessi mynd er tekin árið 1953 af brúarvinnuflokki við Hvolsá á Klofningsvegi, skammt frá Skriðulandi. Í baksýn á myndinni má sjá Staðarhólskirkju. Það er líklega Jónas Gíslason brúasmiður sem stendur hæst á myndinni með hönd í vasa. Önnur nöfn þekkjum við ekki en ef einhver kannast við þessa menn væri gaman að heyra af því. Viktor Arnar Ingólfsson sími 522 1091, tölvupóstur: vai@vegagerdin.is

# Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1) um Skaftá 02-014

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í vega- og brúagerð um Skaftá. Byggja skal tvær nýjar brýr á Skaftá, 20 og 26 m langar eftirspenntar brýr í einu hafi, vegtengingu á milli brúnna og tengingu við núverandi veg alls um 114 m, undanskilið er efra burðarlag og klæðing. Innifalið í verkinu er fullnaðarfrágangur á grjótvörninni, bygging bráðabirgðavega alls um 383 m, rif á núverandi brúm og hreinsun klappa í brúarstæði.

Helstu magntölur:

Vegur: skeringar 212 $m^3$, fyllingar 2.043 $m^3$, neðra burðarlag 532 $m^3$, grjótvörn 600 $m^3$.

Bráðabirgðavegir: eystri: fyllingar 6.157 $m^3$, grjótvörn 400 $m^3$.

Bráðabirgðavegir: vestari: fyllingar 7.556 $m^3$, grjótvörn 600 $m^3$.

Rif brúa: 344 $m^3$ af steypu.

Brýr: vegrið og handrið 274 m, gröftur og bergskering 1.260 $m^3$, bergboltar 168 stk., mótafletir 1.817 $m^2$, steypustyrktarjárn 44,4 t, spennt járnalögn 9,0 t, steypa 698 $m^3$.

Verki skal vera að fullu lokið þann 15. desember 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. maí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 2. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## Auglýsingar útboða

### Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir 03-040

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Norðausturvegar á 10,9 km löngum kafla frá Breiðuvík að Bangastöðum á Tjörnesi.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 385.000 $m^3$, bergskeringar 45.000 $m^3$, neðra burðarlag 57.000 $m^3$, efra burðarlag 18.000 $m^3$, neðra lag klæðingar 82.000 $m^2$, frágangur fláa 320.000 $m^2$.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. maí 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Verkið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00, mánudaginn 2. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008 03-070

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvörn á 280 km af vegum í Reykjanesumdæmi á árunum 2003 til 2008.

Helstu magntölur á ári eru (viðmiðunartölur marksamnings): vörubílar km í snjómokstri og hálkuvörn 103.000 km, eftirlitsbíll km við eftirlit : 35.000 km, vörubílar, vinna á tímagjaldi 30 klst., vörubílstjórar í biðtíma 50 klst., eftirlitsmaður við eftirlit og upplýsingagjöf 2.100 klst.

Verki skal að fullu lokið 15. maí 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 12. maí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 2. júní 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.




## Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir

Í þessu blaði er auglýst útboð vegagerðar á Tjörnesi, 10,9 km kafli af Norðausturvegi (85) á milli Breiðuvíkur og Bangastaða. Þetta er síðasti kaflinn á Tjörnesi sem eftir er að endubyggja fyrir utan kaflann frá Bangastöðum að Víkingavatni þar sem framkvæmdir standa nú yfir og eiga að ljúka í haust.

Vegurinn verður í flokki C1 (breidd 7,5 m). Hönnunarhraði er 90 km/klst. Hann verður töluvert hærri en núverandi vegur til að minnka snjósöfnun á vegi. Þar sem veglínan liggur um brattar brekkur verða töluverðar skeringar efst og fyllingar neðst.

Margir ferðamenn stoppa við Engidalsgjá við Skeiðsöxl til að skoða fuglalíf og jarðfræði í bjarginu neðan vegar. Frá Engidalsgjá er einnig gott útsýni yfir Melrakkasléttu. Til að bæta aðstöðu og öryggi ferðamanna verður útbúinn áningarstaður á þessum stað.